

# Boð á norræna ráðstefnu um jafnréttisfræðslu í skólum

Grand Hótel Reykjavík 21. og 22. september 2009

**Opin ráðstefna fyrir alla sem vilja fræðast um jafnréttisfræðslu og jafnréttisstarf í skólum og sækjast eftir innblæstri til góðra verka á því sviði.**

Á ráðstefnunni verða fyrirmyndarverkefni frá öllum Norðurlöndunum kynnt og farið yfir stöðu mála í Evrópu á sviði jafnréttisstarfs í skólum. Ráðstefnan sem er öllum opin er kjörinn vettvangur fyrir skólafólk, foreldra, fræðimenn, stjórnáamenn og alla þá sem vilja fræðast um jafnrétti í námi og starfi.

**Auk fyrirlesara frá öllum Norðurlöndunum verða lykilfyrirlesarar:**

- *Mike Younger, deildarforseti kennaradeildar Cambridge-háskóla.* Younger hefur sérhæft sig í rannsóknum á sviði kynjajafnréttis og grunnmenntunar kennara, en hann var meðal annars annar af forvígismönnum rannsóknarverkefnisins Raising Boys' Achievement sem miðaði að því að finna leiðir til að bæta frammistöðu drengja í skólum.
- *Eva Nyström, lektor við Umeå háskóla í Svíþjóð.* Eva hefur meðal annars tekið þátt í stóru rannsóknarverkefni sem miðar að því að auka áhuga nemenda í sænskum framhaldsskólum og bæta námsárangur þeirra.
- *Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Háskólann á Akureyri.* Ingólfur hefur tekið þátt í fjölda rannsókna á sviði menntaumbóta og kynjafræða.

Ráðstefnan hefst að kvöldi 21. september en hún fer fram á norðurlandamálum og verður túlkuð.

Ráðstefnan er á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, en Ísland gegnir formennsku í nefndinni þetta árið. Félags- og tryggingamálaráðuneytið og menntamálaráðuneytið sjá um framkvæmd ráðstefnunnar en umsjón með undirbúningi hefur Jafnréttisstofa. Nánari upplýsingar veitir Jafnréttisstofa, með tölvupósti á netfangið [jafnretti@jafnretti.is](mailto:jafnretti@jafnretti.is) og í síma 460 6200.

Skráning er á heimasíðunni <http://formennska2009.jafnretti.is>



Ingi Valur Jóhannsson  
Formaður Jafnréttisnefndar  
Norrænu ráðherranefndarinnar

Nánari upplýsingar má sjá á <http://formennska2009.jafnretti.is/fm2009/?D10cID=news>

